

Almenningssamgöngur á Vesturlandi

Ólafur Sveinsson

Inngangur

- 1. sept var 1 ár liðið frá því nýtt kerfi í almenningssamgöngum var tekið upp hér á Vesturlandi, þar sem leiðakerfi, tímatöflur og fargjaldastefna er samræmd Strætó bs.
- Kerfið er samstarfsverkefni landshlutasamtakanna á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Eyþingi og byggist á leið 57 sem er leiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar, ásamt leið 58 og 59, sem fara á Snæfellsnes og Dali.

- Í þessu kerfi voru fluttir 120 – 130 þús. farþegar á þessu fyrsta ári.
- Afkoma kerfisins er undir væntingum á þessu fyrsta ári

Hver er staðan?

- Tímabilið 1. sept 2012 – 31. ágúst 2013 er tap samtals 16.418.000. kr.
- Tap vegna síðustu 4 mán 2012 var 18.088.000 kr.
- Farþegafjöldi og farþegatekjur eru yfir væntingum
- Aksturskostnaður er töluvert yfir áætlun

Hvernig verður brugðist við?

- Gerðar hafa verið ráðstafanir til sparnaðar í vetrarakstri.
- Fundað hefur verið með samstarfsaðilum verkefnisins, þ.e. öðrum landshlutasamtökum.
- Leitast verður við að finna sameiginlega niðurstöðu með þeim.

Ástæður taps

- Niðurgreiðsla ríkis á olíugjaldi til almenningsamganga var lækkuð og jók það rekstrarkostnað kerfisins
- Einkaleyfi það sem samningar við ríkisvaldið um þetta verkefni við byggðust á virðast ekki halda, fyrirtæki komast upp með það að keyra auglýstar áætlunarferðir beint ofan í okkar áætlanir, án þess að til séu úrræði til að stöðva þann akstur

- Það voru gerðar breytingar á leiðakerfinu sl. haust til að bregðast við agnúum og kvörtunum, þær kostuðu.
- Það tók notendur (íbúa) tíma að átta sig á þeim tækifærum sem nýtt kerfi gefur, afkoma kerfisins eftir áramót er mun betri en eftir áramót
- Slæmt veður í sumar leiddi til þess að farþegatekjur og farþegafjöldi var undir væntingum

Til umhugsunar – Viðbrögð við stöðunni

- Ljúka vinnu með öðrum landshlutasamtökum umfram tíðarfyrirkomulag umsjónar með verkefninu
- Það verður að koma á skýrri skiptingu fjárhagslegrar ábyrgðar í kerfinu – umsjón þess og þróun.
- Tapið er fjármagnað af SSV og SSNV það verður að finna leið til að fjármagna tapið og greiða það til baka

- Farið verði ítarlega yfir það hvort hægt sé að hagræða frekar í kerfinu en búið er á ákveða.
- Sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar á Vesturlandi og öðrum svæðum sem snúa að þessu kerfi verða að vera virkari í að koma almenningssamgöngum á framfæri, t.d. með því að vera með „Strætóhnappa“ á heimasíðum.
- Leitað verði frekari tækifæra í almenningssamgöngum, t.d. með samþættingu við skólaakstur.

Áhyggjuefni og ógnanir

- Hver er stefna nýrrar ríkisstjórnar í Almenningsamgöngum og verður fjármagn til þeirra skert?
- Frekari lækkun á niðurgreiðslu olúgjalds er yfirvofandi á árunum 2014 og 2015. Lækkun á niðurgreiðslu olúgjalds breytir forsendum mikið.
- Munu stjórnvöld standa við einkaleyfið sem var forsenda samninga við Vegagerðina, þannig að það verði einhver úrræði til að bregðast við akstri annarra aðila yfir tekjuhæsta tímabilið.

Að lokum

- Kerfið er gott, notendur hafa lýst yfir ánægju með það.
- Það eru vannýtt tækifæri til að þróa kerfið enn frekar
- Það er vilji samstarfsaðilanna að leita lausna á þeim vanda sem fyrir er
- Það væri mikil afturför að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags